

### Ábyrgð og stjórnun jafnréttis-og mannréttindamála

Í samræmi við ákvæði laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, skuldbindur Höfðaskóli sig til að fara eftir jafnréttisáætlun sveitarfélagsins eins og hún birtist hverju sinni. Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki í byrjun skólaárs og vera sýnileg á heimasíðu skólans. Skólastjóri ber ábyrgð á að stefnunni sé framfylgt. Skólinn mun sömuleiðis, í samræmi við 22.gr. laga nr. 10/2008, gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum og munu nemendur fá fræðslu um þessi mál. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og kunna að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal nemenda skólans. Nemendum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geti leitað, komi slíkt upp.

### Leiðarljós

Leiðarljós Höfðaskóla er að styrkja jákvæða kynímynd og varast að líta svo á að allir séu eins. Allt skólastarf á að taka mið af viðhorfum jafnréttis og stuðla að jákvæðu viðhorfi til allra starfa. Hafa skal í huga merkingu orðsins *jafnrétti* :

- jöfn tækifæri til gæða lífsins
- jöfn tækifæri til að koma skoðunum sínum og hugsjónum í framkvæmd
- jöfn tækifæri til að nýta reynslu sína, þekkingu og menntun
- jafnréttindi eru mannréttindi.

### Jafnréttisáætlun

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Skipuð verði Jafnréttis-og mannréttindanefnd	Kosið á almennum starfsmannafundi	Skólastjórnendur	Apríl 2016
Gera verklagsreglur um viðbrögð við kynferðislegu áreitni	Stigstjórar	Skólastjórnendur	Reglur tilbúna haustið 2016
Uppfræða starfsmenn um kynferðislegt ofbeldi og afleiðingar þess	Skipuleg fræðsla	Skólastjórnendur	Árlega

### Nemendur

Í lögum um grunnskóla er sérstaklega kveðið á um að veita skuli fræðslu um jafnréttismál og þannig búa bæði kynin undir virka þátttöku í samfélaginu. Þess skal gætt innan skólans að nemendum sé ekki mismunað og að komið sé til móts við þarfir allra nemenda óháð kynferði, kynhneigð, aldri, útliti, uppruna eða trúar. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja í skólastarfinu. Styrkja þarf sjálfsmynd nemenda og vinna gegn stöðluðum kynímyndum. Kanna þarf líðan og sjálfsmynd nemenda. Í öllu skólastarfi þarf að gæta þess að jafnræði sé milli kynja til áhrifa og þátttöku í starfinu og jafna hlut nemenda þegar þeir koma fram fyrir hönd skólans. Mikilvægt er að veita nemendum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti.

Áætlun	Hvar	Ábyrgð	Hvenær
Leitast skal við að vinna eftir grunnþáttum Aðalnámskrár grunnskóla 2013. Þemahefti um grunnþætti menntunar haft að leiðarljósi: <a href="http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/7160">http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/7160</a>	Fléttað inn í allt nám nemenda, skv. Aðalnámskrá grunnskóla 2013	Starfsmenn	Allt skólaárið
Nemendur fá kynningu á fjölbreytilegum störfum samfélagsins og þeir hvattir til að ráðast gegn hefðbundnum staðalímyndum	Í lífsleikni og bekkjarfundum.	Starfsmenn Náms-og starfsráðgjafi	Allt skólaárið
Í skólanum sé komið fram við alla nemendur af virðingu, óháð trúar-og/eða stjórnmalaskoðunum.	Í öllu skólastarfi	Starfsmenn	Alltaf
Vinna að því að nemendur virði jafnréttissjónarmið í öllum samskiptum	Fræðsla um kynþroska og siðferði í samskiptum kynjanna, skv. aðalnámskrá	Kennarar Skólahjúkrunarfræðingur	Í lífsleikni og bekkjarfundum.

### Starfsmenn

Allir starfsmenn skólans njóti sambærilegra tækifæra til starfsþróunar og símenntunar. Starfsmenn skulu allir stuðla að fordómalausum andrúmslofti. Virða skal rétt starfsmanna til að tjá sig ekki um persónuleg málefni, s.s. trúarskoðanir, stjórnmálaskoðanir, kynhneigð eða heilsufar. Við ráðningar, uppsögn eða ákvarðanir um kjör starfsmanna skólans skal þess gætt að beita ekki ómálefnalegum ástæðum gegn starfsmanni.

Ekki má mismuna starfsmönnum á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, ætternis, fötlunar, heilsufars, uppruna, trúar- eða stjórnmálaskoðana.

Áætlun	Hvar	Ábyrgð	Hvenær
Í starfsauglýsingum sé vitnað til jafnréttisáætlunar skólans sem og sveitarfélagsins.	Skv. stefnu sveitarfélagsins og skólans	Skólastjóri	Þegar við á.
Við nýráðningar verði leitast við að jafna kynjahlutfallið	Í áætlunum og samantektum verði kynjahlutfall skoðað	Stjórnendur	Haustið 2015 og reglulega eftir það (2ja-3ja ára fresti)
Kynferðisleg áreitni sem og öll önnur áreitni er óheimil og þar vísað til 2.gr. jafnréttislaga. Einelti ekki liðið. Tilkynningar um slíkt teknar alvarlega, þær rannsakaðar og brugðist við skv. viðbragðsáætlunum skólans ; Olweus.	Birtist í starfsmannastefnu skólans.	Skólastjórnendur	Málin rædd reglulega allt árið. Starfsmannakannanir gerðar reglulega.
Þeim sem vinna sambærileg störf við skólann sé gert kleift að sinna starfsþjálfun og endurmenntun, skv. 20.gr. laga, nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.	Þetta skal koma fram í endurmenntunaráætlun skólans þar sem þess er gætt að starfsmönnum sé ekki mismunað á nokkurn hátt.	Skólastjóri	Við gerð endurmenntunaráætlunar
Allar launaákvæðanir séu gagnsæjar og málefnalegar. Farið sé að öllu eftir kjarasamningum.	Jafnræðis sé gætt í launagreiðslum.	Skólastjóri	Alltaf.
Komið sé fram við starfsfólk af virðingu óháð trúar- og stjórnmálaskoðunum	Leiðbeiningar á heimasíðu Kennarasambands Íslands	Skólastjóri	Alltaf.